



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2502  
komudagur 18.5.2011

Alþingi  
Menntamálanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Búðardal, 16. maí 2011  
1104019 SP


**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á grunnskólalögum – mál 747.**

Sveitarstjórn Dalabyggðar gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. gr. Sveitarstjórn er sammála breytingum sem lagðar eru til en minnir á umsögn Dalabyggðar frá 21. febrúar sl. um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum þar sem eindregið er lagst gegn hugmyndum um að "fóstursveitarfélag" beri kostnað af skólagöngu barna sem eru í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags.

Að öðru leyti gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við frumvarpið en telur að eðlilegt hefði verið að koma til móts við óskir sveitarfélaga um aukinn sveigjanleika til að bregðast við erfiðara rekstrarumhverfi t.d. með fækkun skóladaga nemenda í 170 eins og raunin var fram að setningu núgildandi laga árið 2008.

Virðingarfyllt,

  
Sveinur Halsson  
Sveitarstjóri